

Borgarráð

***Samkomulag um átak í viðhaldi og endurbótum á gatnakerfinu***

Hjálagt samkomulag Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Garðabæjar um átak í viðhaldi og endurbótum á gatnakerfinu er lagt fram til kynningar. Skv. samkomulaginu skulu aðilar þess skipa sameiginlega verkefnisstjórn og verður hennar fyrsta verkefni sameiginlegt mat á ástandi, viðhaldsþörf og endurbótaþörf.

Verkefnisstjórnina skipa Friðrikka J. Hansen, verkfræðingur á umsjónardeild Suðursvæðis, og Birkir Hrafn Jóakimsson verkfræðingur á framkvæmdadeild fyrir hönd Vegagerðarinnar, Ámundi V. Brynjólfsson skrifstofustjóri á skrifstofu framkvæmda og viðhalds mannvirkja fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Eysteinn Haraldsson verkfræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkfræðingur fyrir hönd Garðabæjar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag um átak í viðhaldi og endurbótum á gatnakerfinu dags. 10. febrúar 2017.



Reykjavíkurborg



SAMKOMULAG



GARÐABÆR

**Átak í viðhaldi og endurbótum á gatnakerfinu**

Vegagerðin, Reykjavíkurborg og Garðabær eru sammála um að eiga samstarf um undirbúning nauðsynlegs átaks í viðhaldi og endurbótum gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins.

**1. Sameiginlegt mat á ástandi, viðhaldsþörf og endurbótaþörf**

Unnið verði sameiginlegt mat á þörf við viðgerðir, viðhald og endurbætur á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins, Reykjavíkurborgar og Garðabæjar sérstaklega eftir erfiða vetur og sparnað síðustu ára. Jafnframt verði lagt mat á hlut slits vegna aukningar umferðar, vaxandi ferðaþjónustu (bíllaleigubílar og rútur), notkunar nagladekkja, veðurfars og annarra atriða.

**2. Áætlun um viðhald og endurbætur**

Lagt verði mat á kostnað við átakið og nauðsynlegar framkvæmdir.

Unnin verði sameiginleg viðhalds- og endurbótaáætlun fyrir vega- og gatnakerfi Reykjavíkurborgar og Garðabæjar með það að markmiði að tryggja viðundandi þjónustustig.

**3. Fjármögnun**

Vegagerðin mun miða við að fjárheimildir til viðhalds á þeim hluta gatnakerfisins, sem hún ber ábyrgð á, verði í samræmi við niðurstöður matsins en endanlegt umfang á hverju ári mun ráðast af heildar fjárveitingum stofnunarinnar til viðhalds vega á hverjum tíma.

Reykjavíkurborg og Garðabær munu með sama hætti nýta fjármuni til viðgerða, viðhalds og endurbóta og gera tillögur um nauðsynlegar fjárveitingar til verkefnisins til næstu ára.

**4. Rannsóknir**

Vegagerðin, Reykjavíkurborg og Garðabær dragi svo saman þær rannsóknir sem fyrir liggja um gatnagerð, malbikslagnir og væntan endingartíma. Sérstaklega verði hugað að umhverfissjónarmiðum og mögulegri endurnýtingu malbiks. Greindar verði ástæður versnandi ástands, skemmda og holumyndunar í gatnakerfinu og gerðar tillögur að frekari rannsóknum þar sem þekkingu skortir.

Aðilar samkomulagsins munu skipa sameiginlega verkefnisstjórn. Mat á stöðu mála skv. lið 1 verður fyrsta verkefni.

Reykjavík, 10. febrúar 2017

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar

Hreinn Haraldsson Vegamálastjóri